

"Ó, nei, barnið mitt, ég er ekki veik, en ég er stíð af kulda. Komdu nú og hjálpaðu mér, þá ertu góður".

Mórits flýtti sér að setja stól við eldinn, og gekk svo að rúminu til að hjálpa móður sinni.

Veika konan stóð upp með erfiðismunum, studdi sig við axlir drengsins, staulaðist að eldinum og settinn. Kona þessi virtist vera um 28 ára að aldri, en sorg og veikindi höfðu gert kinnar hennar folar og deytt fjörið í augum hennar, sem nú voru eins og dreymandi. Það var auðséð, að hún hafði verið framúrskarandi fögur, enda þótt rósirnar á kinnum hennar hefðu nú breyzt í liljur.

Um leið og móðirin settist, tók hún um háls sonar síns og þrýsti höfði hans ofan í keltu sína með eðlilegri móðurgleði.

"Mamma", sagði pilturinn um leið og hann losaði sig með hægð. "Eldurinn er að fölna, og ég verð að sjóða súpuna þína. Svo skulum við steikja kartöflur í eldinum. Sýnist þér það ekki?"

"Jú, góða barnið mitt, það skulum við gera. En farðu fyrst úr treyjunni þinni og hengdu hana við eldinn, svo hún þorni".

Mórits gerði eins og honum var sagt, fyllti svo pott með vatni, lét ketið ofan í það og setti svo pottinn yfir eldinn.

"Sjáðu nú, góða mamma mín, nú skaltu fá góða og nærandi súpu. Þú þarft hennar, því þér hefir verið svo lengi kalt".

Hann tók stól og settist hjá henni.

"Þú hugsar ekki um sjálfan þig, litli drengurinn minn", sagði húsfriú Sterner, og strauk um leið dökku lokkana hans frá enninu, "af umhyggju fyrir mér, gleymirðu því, að þú ert sjálfur svangur. Guð blessi þig".

"Ó, það hefir enga þýðingu, mamma, ég er ekki